



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 6. mars 2019



## Tíundi fundur 61. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 6. mars 2019 kl.12.00

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjalti Þór Hreinsson, Hjördís Guðmundsson, Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Guðmundur B. Ólafsson, Inga Lilja Lárusdóttir og Þorgeir Haraldsson.

Fjarverandi: Magnús Karl Daníelsson, Þorbergur Aðalsteinsson

### Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
  - a. Coca Cola bikarinn  
Úrslitahelgin fer fram um helgina og gengur undirbúningur vel. Stjórnarmenn eru hvattir til að mæta.
  - b. A landslið kvenna  
Valinn var hópur hjá A landsliði kvenna en liðið fer til Póllands í lok mars og tekur þar þátt í 4 landa móti.
3. Ársþing HSÍ
  - a. Framboð til stjórnar  
Framboðsfrestur er til 16. mars. Allir sem ætla að bjóða sig fram voru beðnir um að gera það formlega með tölvupósti til framkvæmdarstjóra.
  - b. Skýrslur nefnda  
Skila þarf inn skýrslum nefnda fyrir 13. mars en þá fer hún í prentun.
  - c. Formannafundur  
Halda þarf formannafund í næstu viku á miðvikudaginn til undirbúnings fyrir ársþing en þá eru 3 dagar eftir af fresti til framlagningar lagabreytinga og tilkynningu um framboð.
4. Reglugerðarbreytingar
  - a. DBG kynnti þær breytingar sem liggja fyrir á reglugerðum um agamál, handknattleiksmót og dómara og eftirlitsmenn frá laganefnd og skrifstofu HSÍ. Þær meginbreytingar sem er verið að gera er að það er verið að setja inn aukin ákvæði varðandi veðmál, lagfæra flokkaskiptingu dómara og að skýra betur hvað er notkun leikmanna eftir dóm dómstóls HSÍ.  
Stjórn HSÍ samþykkti reglugerðirnar með örlitlum breytingum.
5. Siðareglur
  - a. Laganefnd hefur unnið að nýjum siðareglum sem lagðar verðar fyrir formannafund í næstu viku og ársþing HSÍ. DBG kynnti þær fyrir stjórn.
6. Önnur mál
  - a. Mótanefnd lagði fyrir stjórn beiðni Akureyrar um færslu á leik gegn ÍBV. Stjórn styður ákvörðun mótanefndar og sér ekki tilefni til þess að breyta leiktíma.



Næsti fundur stjórnar HSÍ er miðvikudaginn 20. mars kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari